

Nd.

257. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á hafnarbótum í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu og vörnum gegn snjóflóðum á sama stað.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka þegar á komandi vori:

1. Á hvern hátt hæta megi höfnina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu, svo trygg verði vjelbátum, svo og nauðsynlegar landingarhætur þar.
2. Á hvern hátt beppilegast og tryggast sje að setja varnir gegn skemdum af snjóflóðum í Hnífsdal.

Greinargerð.

Hnífsdalur við Ísafjarðardjúp er eitt at stærstu sjóþorpum á Vesturlandi og sjósókn þar mjög mikil, enda hafa þar verið um langt skeið hinir mestu sægarpar. Í þorpinu búa nú frek 300 manna, sem lifa því nær eingöngu af fiskiveiðum, sem nálega eingöngu eru stundaðar á mótorbátum 4—8 smálesta að stærð.

Höfnin í Hnífsdal er nú svo ljeleg, að bátar geta ekki legið þar næturlangt, nema yfir hásumarið. Sjómenn þar á staðnum verða að lokinni sjóferð að færa báta sína til Ísafjarðar og sækja þá þangað að nóttu til, þá er á sjó er farið.

Frá Hnífsdal er langt að sækja á djúpmið, 3 til 5 kl.stunda ferð hvora leið, úr landi og í.

Þetta hafnleysi veldur því, að sjómenn á þessum stað tapa oft af sjóferð vegna þess, að þegar veður hatnar seinni hluta nætur, þá er ekki nægur tími til sjóferðar, af því að þá er eftir að fara tveggja tíma leið til þess að sækja bátana til Ísafjarðar. Auk þess eru svo miklir erfiðleikar á að sækja bátana, að menn gera það ekki að jafnaði nema fult útlit sje fyrir, að á sjó gefi, en við það getur og hefir mörg sjóferð farist fyrir.

Annað atriðið, sem þingsályktunartillagan fer fram á, er að rannsakað sje, eru varnir gegn snjóflóðum í Hnífsdal.

Öllum mun i fersku minni hið hörmulega slys, sem varð i Hnífsdal 18. febr. 1911, þegar snjóflóðið hljóp úr Búðargili og banaði yfir tuttugu manns og slasaði marga fleiri. Auk þess urðu þorpsbúar fyrir um 80. þúsund króna tapi i missi húsa, skipa, búpenings, útgerðaráhalda og annara muna.

Síðan hefir það þrífaldlega komið fyrir, að þorpsbúar hafa flúið, dögum og jafnvel vikum saman, úr þeim húsum, sem eru i mestri hættu af snjóflóði. Það má nærri geta, hver áhrif slík yfirvofandi hætta hefir á þá, sem við slíkt eiga að búa árum eða jafnvel áratugum saman.

Alt kák til varnar þessum vágesti er fánýtt og aðeins til þess að kasta fje á glæ. Fyrir því er það, að þorpsbúar óska þess mjög eindregið, að sendur verði verkfræðingur til þess að rannsaka og gera tillögur um það, á hvern hátt heppilegast sje að framkvæma nauðsynlegar varnir.

Að sjálfsgöðu er gert ráð fyrir, að verkfræðingur sá, er þessi verkefni fær til rannsókna, geri og áætlun yfir kostnaðinn við framkvæmd þeirra.